

13. Frumvarp

til laga um yfirstjórn og umsjón fræðslumála.

(Lagt fyrir Alþingi 1924).

1. gr.

Yfirstjórn allra fræðslumála ríkisins hefir stjórnarráð Íslands.

2. gr.

Til aðstoðar sjer við framkvæmd þessara mála hefir stjórnarráðið skólaráð.

3. gr.

Í skólaráði hins lærða skóla í Reykjavík sitja:

1. Skólameistari hins lærða skóla.
2. Skólafróður maður, er stjórnarráðið skipar til 6 ára.
3. Skólafróður maður, eða varamaður, er háskólaráðið kýs til 6 ára.
Ráðið kýs sjer sjálft formann.

4. gr.

Í skólaráði fyrir aðra skóla sitja þrír menn, sem hjer segir:

1. Fræðslumálastjóri;
2. einn skólafróður maður, skipaður af stjórnarráði Íslands til 6 ára;
3. einn maður samkvæmt því, er hjer segir:

Fyrir Kennaraskólann, Stýrimannaskólann, Vjelstjóraskólann, Iðnskólann í Reykjavík og verslunarskóla, skólastjóri hvers um sig eða umboðsmaður, er hann sjálfur tilnefni.

Fyrir bændaskóla maður eða varamaður kosinn til 6 ára af föstum kennurum þeirra.

Fyrir gagnfræðaskóla og ungmennaskóla maður eða varamaður kosinn til 6 ára af föstum kennurum þessara skóla.

Fyrir kvennaskóla kona, eða varamaður, kosinn til 6 ára af föstum kennurum þeirra skóla.

Fyrir barnaskóla (þar með daufdumbraskóla) og ungmennafræðslu við barnaskóla kennari eða varamaður hans kosinn til 6 ára af föstum kennurum barnaskólanna.

5. gr.

Skólaráð hefir umsjón með skólum þeim, sem undir það eru skipaðir, sjer um að samdar sju námsskrár, ákveður um tilhögun prófa og um verkefni við þau, skipar prófdómendur, úrskurðar um kenslubækur, sem leitað er styrks til af almannaþje til að gefa út. Það hlutast og til um að samdar sju og gefnar út nauðsynlegar kenslubækur banda skólunum í þeim greinum, þar sem þeirra er vant, og setur reglur um nemandatölu, kensluáhöld og hollustuhætti skólanna. Það skal fá til meðferðar allar uppástungur um breytingar á reglugerðum skólanna eða um nýjar reglugerðir þeirra, svo og þau lagafrumvörp, er þá snerta, og umsóknir um fjárveitingu til þeirra. Skólaráð ákveður form fyrir skýrslur þær, er heimtaðar verða um skólahaldið og próf, og önnur skilríki, sem þeim eiga að fylgja. Skólaráð ríkisskóla tekur við umsóknnum um skólastjórastöðu og kennarastöður við hann og gerir tillögur um, hverjum veita skuli. Nú á skólastjóri sæti í skólaráðinu, en er fallinn frá og hinir tveir skólaráðsmennirnir ekki sammála um, hverjum veita skuli skólastjórastöðuna, og skulu þá skipaðir kennarar skólans tilnefna oddamann í skólaráðið.

6. gr.

Fræðslumálastjóri er formaður og framkvæmdarstjóri skólaráðs þeirra skóla, er taldir eru í 4. gr.

Formaður skólaráðs kallar ráðið saman til funda svo oft sem þörf krefur og stýrir fundum þess. Atkvæðafjöldi ræður úrslitum. Ályktanir ráðsins skulu ritaðar í gerðabók.

7. gr.

Með fjárlögum skal árlega veita nokkurt fje til frekara kenslueftirlits en fræðslumálastjóri fær yfir komist á vetrum. Skal til þess valinn í hvert skiftið hæfur kennari eða kenslufróður maður.

8. gr.

Yfirstjórn fræðslumála setur nánari ákvæði um skyldur og störf skólaráða.

9. gr.

Yfirstjórn fræðslumála hefir yfirumsjón með þeim skóla- og alþýðubókasöfnum, námskeiðum og fyrirlestrum, er styrk fá af fje úr rikissjóði, og heimtar um alt þetta árlegar skýrslur.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, þó ekki ákvæði 3. gr. fyrir en fyrirhuguð breyting á hinum almenna mentaskóla kemst á.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvörpum þeim, sem mentamálanefndin frá 1920 hefir sent ráðuneytinu, er öllum tegundum skóla rikisins skipað í eitt kerfi undir stjórn ráðuneytisins. Hefir nefndin sjeð það rjett, að til umsjónar við svo ólíka skóla, sem hjer er um að ræða, þarf, ef vel á að vera, viðtækari og margbreyttari þekkingu, og meiri vinnu en ætlast verður til að yfirstjórnin geti annað með þeirri aðstoð, sem hún nú hefir. Nefndin gerir því ráð fyrir með frumvarpi þessu að yfirstjórnin hafi sjer til aðstoðar *skólaráð*, og er svo til ætlast að skólaráð sjeu svo skipuð að i hverju þeirra sje sjerfróður maður um þann skóla eða þá tegund skóla sem skólaráðið er skipað yfir. Þetta á að vera trygging fyrir, að hver skóli, hveerrar tegundar sem er, fái það eftirlit sem honum hæfir, undir stjórn þeirra manna, sem skilja starf hans og þarfir, svo að öllum sanngjörnum kröfum sje fullnægt, og þessu margþætta eftirliti og stjórn skólanna, er svo fyrirkomid, að kostnaðarlaust má heita fyrir rikissjóð. Einu gjöldin, sem af skólaráðunum leiðir, er þókmun handa einum skólaráðsmanni, þeim er stjórnarráðið skipar til 6 ára.

Að öðru leyti vísast til athugasemda mentamálanefndarinnar.